

**AUGLÝSING****um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á breytingu á samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra.**

Samkvæmt lögum nr. 58 30. apríl 1973 um breytingu á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, sem staðfest var af ráðuneytinu 2. apríl 1971.

1. gr. samþykktar félagsins breytist þannig, að í staðinn fyrir „Félagið heitir Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, skammstafað B. S. A. B.“ kemur „Félagið heitir Byggingarsamvinnufélagið Aðalból, skammstafað B. S. A. B.“.

Staðfest 1. febrúar 1977.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1977.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

Jón Sigurpálsson.

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132/1971.****1. gr.**

5. gr. 5. málsg. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðherra getur, að fenginni umsögn landlæknis og eiturefnanefndar, veitt lyf-sölum leyfi til þess að versla með efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X, A og B, enda mæli sérstakar ástæður með veitingu slíkra leyfa ,t. d. mikil fjarlægð frá viðurkenndri sölubúð. Slík leyfi gilda til 5 ára í senn. Þau má takmarka við sölu á tilteknum efnum í X eða A hættuflokkum eða við sölu á efnum og efnasamsetningum í B hættuflokki eingöngu. Ákvæði b- og c-stafliða 3. málsg. eiga ekki við um lyfjabúðir sem fengið hafa slík söluleyfi, sbr. og 17. gr. stafliður f í reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða nr. 151/1968.

**2. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1977.*

**Matthías Bjarnason.**

Páll Sigurðsson.